

af skipinu *Marie Desirée* hafi skemmt æðarvarpið á eyjunni í Grundarfirði, sem heyrir prestakallinu til, mælumst vèr til þess, að þèr látið halda lögreglupróf, til þess að skýra málið, með því stjórnarráðið á ekki hægt með eptir skýrslum þeim, sem því hafa borizt um þetta atvik, að gjöra nokkra ráðstöfun til að útvega þeim bætur, sem fyrir skaðanum hefir orðið.

1871.
16. júní.

46. Brèf dómsmálastjórnarinnar utanríkisstjórnarinnar, um bjarglaun fyrir strandað skip.

17. júní.

Í sambandi við brèf dómsmálastjórnarinnar 24. janúar þ. á. sendum vèr utanríkisstjórninni eptirrit af aðalreikningi, sem norður- og austuramtið hefir sent hingað, um strand frakkneska fiskiskipsins *Emilie, D. 53* frá Dunkerque, ásamt tilheyrandi fylgiskjölum. Samkvæmt þessum aðalreikningi hefir skipið selzt fyrir 1129 rd. 84 sk., en samkvæmt fylgiskjölum 5—7, 8, 9, 10 og 12 VI hafa bjarglaun og kostnaður við sölu skipsins m. fl. orðið 389 rd. 92 sk., og eptir fylgiskjölum 9 og 12 I—V, eru 584 rd. gengnir til viðurværis skipstjórnarmanni og skipverjum, til heimfarar kostnaðar, m. fl. Eins og utanríkisstjórnina mun reka minni til, höfðu hinir ensku skipstjórnarmenn, sem fundu skipið yfirgefið af skipshöfninni $\frac{3}{4}$ mílu undan landi, heimtað bjarglaun, og ber þeim þessvegna, eptir N. L. 4—4—5, þriðjungur af því, sem bjargað var. Kostnaðurinn til viðurværis skipshafnarinnar m. fl. varðar nú eigi þá, sem björguðu skipinu, en þeir verða fyrir sitt leyti að taka þátt í kostnaðinum við sölu skipsins og viðhald á því, verður þessvegna að draga þessa 389 rd. 92 sk. frá þeim 1129 rd. 84 sk. sem skipið seldist fyrir, og þá eiga þeir $\frac{1}{3}$ af 739 rd. 88 sk. eða 246 rd. 61 sk. En eins og aðalreikningurinn og fylgisskjöl 9 og 12 I—VI sýna, eru af því, sem fékkst fyrir skipið við uppboðið, borgaðir í allt 646 rd. 40 sk.¹ til kostnaðar,

¹) Auk þeirra 584 rd., sem fyr eru nefndir, eru eptir fylgiskjölunum borgaðir 50 rd. og í annað skipti 12 rd. 40 sk.

1871.

17. júní.

sem útgjörðarmönnum skipsins eða þá öðrum, sem ganga í þeirra stað, bar að greiða, svo sem til viðurværis skipshafnarinnar og heimfarar, og eru þannig þeim til handa borgaðir 153 rd. 13 sk. um of, sem þeir eiga að endurgjalda þeim, sem björguðu skipinu, en handa þeim eru aðeins eptir 93 rd. 48 sk. og hefir dómsmálastjórnin í vörzlum sínum ávisun til þessa fjár uppá kaupmannafélag hér í bænum.

Útaf þessu mælumst vèr til, að utanríkisstjórnin láti í të aðstoð sína til að fá þá upphæð, sem útgjörðarmönnum skipsins eða öðrum, sem hlut eiga að máli, hefir verið borgað um of, endurgoldna með tilstilli frakknesku stjórnarinnar, og skal því við bætt, að þeir 93 rd. 48 sk., sem þeir einnig eiga, er björguðu skipinu, munu verða geymdir hér hjá stjórnarráðinu, þangað til gjört er út um það, að nefndir 153 rd. 13 sk. verða endurgoldnir.

23. júní.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um höfn við Dyrhólma (Portland).

Eins og meðfylgjandi útdráttur of skjali nokkru og fylgiskjölum sýnir, hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi, útaf uppástungu frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu um það, að höfn verði búin til við *Portland* (Dyrhólma) til þess að bæta hag þessarar sýslu, sökum þess að þetta fyrirtæki er mjög mikils varðandi fyrir austurhluta suðurumdæmisins, álitid það æskilegt, að skipstjórnamaðurinn á herskipi því, sem hefir stöðvar við Ísland, rannsaki, hvernig háttar landslagi við *Portland*, og láti uppi samkvæmt því álit sitt um, hvort hægt sè að búa til þar skipalegu, sem, að minnsta kosti á bezta árstíma (í júní og júlím.) sè örugg, og hvernig þessu yrði við komið með sem minnstum kostnaði.

Útaf þessu skal það borið upp fyrir sjóliðsstjórninni, hvort ekki megi fela á hendur skipstjórnamanninum á herskipinu, að gjöra rannsókn þá, sem getið var um, og mælumst vèr til, að fá vitneskju um árangurinn af þessu, þegar þar að kemur.